



Til forsvarsmanna sveitarfélaga

Reykjavík 13. janúar 2014

Ágæti viðtakandi.

**Efni: Gjaldskrárhækkanir**

Ein helsta forsenda þeirra kjarasamninga sem gerðir voru þann 21. desember síðastliðinn er að verðbólga verði lág þannig tryggja megi stöðugleika og aukinn kaupmátt. Um þessa áherslur var samstáða meðal samningaaðila og stjórnvöld tóku undir mikilvægi þeirra.

Í umræddum kjarasamningi sammaðtust atvinnurekendur og launafólk um aðgerðir til að styðja við markmið um aukin kaupmátt, minni verðbólgu og lækkun verðbólguveræntinga í efnahagslífini. Meðal þeirra er að fyrirtæki og stjórnvöld gæti ýrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum. Eigi þetta að ganga eftir þurfa fyrirtæki á öllum sviðum atvinnulífsins, ríki og sveitarfélög að axla ábyrgð og sýna samstöðu með því að halda aftur af verðhækjunum.

Sveitarfélög og fyrirtæki hafa mörg brugðist vel við kallinu en því miður berast nú fréttir af gjaldskrárhækjunum fyrir ýmsa þjónustu sveitarfélaganna. Þessar hækkanir munu skila sér út í verðlag og hafa áhrif á vísitölu neysluverðs. Þær ganga því þvert á markmiðum nýgerðra kjarasamninga og ógna þeim stöðugleika og kaupmáttaraukningu sem þeim er ætlað að tryggja.

Fyrir hönd íslenskra launafólks vil ég skora á þig og samverkamenn þína í stjórn sveitarfélagsins að hækka engar gjaldskrár fyrir þjónustu eða hjá fyrirtækjum sveitarfélagsins. Hafi það verið gert hvet ég ykkur til að endurskoða þá ákvörðun og draga umræddar hækkanir til baka nú þegar.

Alþýðusambandið lítur málið mjög alvarlegum augum og mun upplýsa almenning með áberandi hætti um þá aðila sem ekki sýna samstöðu og hækka hjá sér gjaldskrár.

Með von um skjót og góð viðbrögð

Virðingarfyllst,

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	14/1/2014
Málsnr:	190 1428
Bréfsl:	1/3